


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD


A close-up, low-angle shot of a man with short dark hair and a light beard, wearing a white cap, drinking from a clear plastic bottle of Floridaana juice. The bottle is filled with a vibrant orange-red liquid. The background is a bright blue sky with a sun flare on the left and green foliage on the right. The man's face is in profile, looking down at the bottle. The bottle has a colorful label with fruit illustrations and the text 'Floridaana HEILSUSAFI' and '100% SAFI'.

Flóridana
LIFÐU VEL!

Floridaana
HEILSUSAFI

100% SAFI

Þegar þú vaknar að morgni ertu hærrí en rétt áður en þú ferð að sofa að kvöldi.



GUNNAR HRAFN

Fyrstu sex: 130681.
Fyndnasti maður heims: Frankie Boyle og Doug Stanhope.
Fyndnasti á Íslandi fyrir utan mig: Ari Eldjárn.
Fyndnasti sem ég hef sagt: Ég ætla að taka þátt í keppninni Fyndnasti maður Íslands.
Fyndnasti sem einhver hefur sagt við mig: Brjóstahaldarinn er í skápnum vinstra megin.

HÉR SÉST GUNNAR Í RAUÐUM SÓFA

Hörmungar og pandabirnir

Síðasta laugardag var **Gunnar Hrafn Jónsson** útnefndur fyndnasti maður Íslands. **Monitor** spurði hann hvornig framhaldið verður í uppistandinu.

„Þetta var mjög sérstök tilfinning, sérstaklega þegar maður var krýndur uppi á sviði. Það var eitthvað sem ég vissi ekki að myndi gerast,“ útskýrir Vesturbæingurinn Gunnar Hrafn Jónsson sem á laugardaginn fékk á kollinn á sér kórónu í verðlaun fyrir að vera Fyndnasti maður Íslands. „Rocky-tónlistin var svolítið dramatísk. En stuðningurinn í salnum var góður og stemningin góð,“ bætir hann við. Gunnar segir það skrytið að vera kynntur til leiks sem bestur í einhverju og orðalag titilsins setji svolítið öðruvísi pressu á hann. „Það væri stressandi að vera til dæmis kynntur til leiks: „og hér til að flytja fréttir er besti fréttamaður Íslands.“ En maður tekur bara hvert gígg fyrir sig því ég er nýr í þessu. Það eru ekkert margir sem þekkja mig svo ég er ennþá að sýna hvað ég get,“ segir Gunnar.

Þegar menn fá slíka nafngift má alltaf búast við því að fólk geri ráð fyrir því að viðkomandi sé mjög fyndinn og geti án nokkurrar fyrirhafnar slegið um sig með einum góðum brandara. Ekki eru nema 5 dagar síðan Gunnar vann keppnina en hann segist strax finna fyrir þessu þó það sé auðvitað meira í gríni en í alvöru. „Ég held að ég hafi heyrt setninguna

„segðu eitthvað fyndið“ svona 250 sinnum síðan ég mætti í vinnuna á mánudaginn. En ég er reyndar ekki kominn með neitt staðlað svar til að nota. Ég þarf að finna eitthvað gott,“ segir Gunnar.

Það var orðið töluvert síðan að Gunnar hafði staðið fyrir framan fólk og farið með gamanmál því hann gerði það síðast í menntaskóla þar sem hann var liðstjóri ræðuliðsins í Morfís. „Ég þurfti stundum að hita upp salinn með því að segja nokkra brandara en svo hefur hjálpað að uppistand hefur alltaf verið mitt uppáhaldsgrín. Ég er alltaf að horfa á það og alltaf þegar mér dettur eitthvað í hug hef ég skrifað það niður,“ útskýrir Gunnar sem segir sig eiga orðið ágætissafn af flippuðum hugmyndum.

Gunnar segist hafa komið sjálfum sér á óvart því hann rann blint í sjóinn með þátttöku sinni en hvornig sér hann framtíðina í gríninu? „Ég ætla að halda áfram að þróa mig og ef það er eftirspurn eftir mér þá mæti ég en þetta verður aldrei nema aukavinna því ég er í fullri vinnu annars staðar,“ segir Gunnar en hann er fréttamaður á erlendu fréttunum hjá Ríkisútvarpinu. „Þar fjalla ég aðallega um hörmungar og pandabirni,“ segir hann að lokum og hlær.

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

Í FATASKÁPINN

Netverslunin Karma er með **fatamarkað** á Múlatorgi, við hliðina á Góða Hirðinum, í dag og fram til laugardagsins. Opnunartíminn er á milli tólf og sex í dag og á morgun, en á laugardaginn er opin frá tólf til fimm. Það verður margt fallett í boði, bæði herra- og kvenföt, á sérlega góðu verði. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að kíkja á heimasíðu verslunarinnar, www.facebook.com/Karmafot.



Í DESEMBER

Þráir þú að komast í jólaskepp en finnur að það vantar eitthvað smáræði upp á? Því ekki að skella sér út í búð og kaupa sér **súkkulaðijólalagatal** til að auka fjörið á aðventunni. Athugið að 1. desember gengur í garð um helgina.



Í SJÓNKANUM

Tónlistarþátturinn **Hljóm-skálinn** hóf göngu sína á ný um síðastliðna helgi þegar tónspekingar þáttarins sökkту sér ofan í rappmenningu á Íslandi. Monitor mælir með því að tónelskir lesendur láti þessa þætti ekki framhjá sér fara enda bæði vandaðir og skemmtilegir.



Vikan á facebook



Selma Björns

5 ára dóttir mín: „Mamma þú verður að fara að finna þér mann. Nú af hverju, spyr ég? Nú til þess að passa okkur þegar þú ferð í vinnuna!“!!! Menn eru greinilega til þess, að hennar mati .)

28. nóvember kl. 9:28



Dóra Jóhannsdóttir

FOKK. var að muna að ég skildi hjólið mitt eftir fyrir utan Hólmaslóð 8 í ágúst... Ef einhvern vantar hjóli í vetur, þá má sá og hinn sami tjékka á því hvort það sé ennþá þarna, og taka það svo að sér. Númer á lás fæst svo sent í skilaboðum (jebb, treysti s.s ekki öllum á feisbúkkinni minni.. þó að mér finnst ÞÚ frábær :))

26. nóvember kl. 18:38



Ásgeir Orri Ásgeirsson

Þínlegustu fyrstu kynni alheimsins: „What type of beats do you have?“ - „We mostly do dance, hip hop, general pop.. We don't have a lot of soul beats“ „.... I know I'm black, but I don't only write soul music.“ „No our manager just said you were looking for soul/indie records I didn't mean uhh eh.. Kjaftstopp“ Eiska að vera fordæmdur ljós-hærður rasisti frá skandinavíu

25. nóvember kl. 14:32

FEITAST Í BLAÐINU

4 Hljóm-sveitin **Ylja** sendi nýverið frá sér sína fyrstu hljóðvers-splötu.



6 Stíllinn kíkti á ofurtöf-arann **Aron Snæ Arnarsson** en hann á margar fallegar flíkur.



8 Ólafur Arnalds gerði nýverið útgáfusamning við Universal í Bandaríkjunum.



13 Freyr Arnason skoðaði nokkrar fróðlegar sögur á bak við marga þekktu smelli.



Efst í huga Monitor

Aðventan nálgast

Ég er svo ótrúlega heppinn með fólkið sem býr í blokkinni minni. Allir virðast vera rosalega sammála um allt og samstaðan fannst mér svo endurspeglast virkilega vel núna á sunnudaginn var þegar allir settu upp jólaljósín á svalirnar hjá sér. Fólk sem keyrir framhjá og sér ljósín öll í stíl hlýtur að hugsa: „Þvílík samheldni.“ Sjálfur er ég svo líka búinn að setja tvo jólakransa í gluggana heima og fyrir mitt leyti þá finnst mér einstaklega notalegt að hafa svona smá birtu í íbúðinni þegar ég vakna á dimmum morgni eða kem heim seint um kvöld.

Nú ætti einmitt að fara að birta til á mörgum heimilum því aðventan fer að hefjast. Í þetta skiptið er aðventan heldur stutt því jólin koma jú á mánudegi svo að fjórði í adventu er bara einum degi fyrir jól. En það er eitt sem fylgir adventunni og það eru auðvitað adventukransarnir og adventukertin. Það hefur háð mér rosalega í lífinu að kunna ekki nöfnin á



aðventukertunum. Sérstaklega kemur það manni í koll þegar maður er í spurningaspilum því þetta virðist vera virkilega vinsæl spurning í öllum spurningakeppnum.

Þess vegna hef ég nú lesið mig eilítið til um þessi blessuðu kert og ætla að deila með ykkur vitneskju minni. Er það einlæg von mín að þessi fróðleikur muni koma ykkur að góðum notum í aðdraganda jólaanna. Fyrsta kertið er Spádómakertið en það minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins sem höfðu sagt fyrir um komu frelsarans. Annað kertið er Betlehemskerstið og heitir eftir fæðingarþæ Jesú þar sem hann var lagður í jötu. Þriðja kertið er Hirðakerstið því fátækir fjárhirðir fengu fyrstir manna að heyrja tíðindin um fæðingu frelsarans. Fjórdi kertið er Englakerstið en það minnir okkur á englana sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.

Fallega saga um falleg kerti sem tendruð verða af fallegu fólki.

Gleðilega adventu. Jólaveinninn

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbi.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (stymirkari@mbi.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



GUÐNÝ GÍGJA SKJALDARDÓTTIR

Fyrstu sex í kennitölu: 190590.
Uppáhaldslag: Eyvindur Fjalla.
Uppáhaldstónlistarmaður: Er þessa stundina að froðufella yfir áströlskum gaur sem heitir Matt Corby.
Ylja er... ill-juð!

SMÁRI TARFUR JÓSEPSSON

Fyrstu sex í kennitölu: 170976.
Uppáhaldslag: Hvað sem er með Prince.
Uppáhaldstónlistarmaður: Kelly Joe Phelps.
Ylja er... nafn á stelpu. Ylja Halldóra Smáradóttir.

BJARTEY SVEINSDÓTTIR

Fyrstu sex í kennitölu: 100290.
Uppáhaldslag: Sympathy of Destruction.
Uppáhaldstónlistarmaður: Of erfitt en Matt Corby er alveg suddalegur.
Ylja er... ACE.

Við erum þrjár systur

Þessa stundina ómar hið ómfagra lag **Út** á útvarpsstöðvum landsins en það er flutt og samið af hljómsveitinni **Ylju** sem á dögnum gaf út sína fyrstu breiðskífu.

Hvað markaði upphaf Ylju?

Guðný Gígja Við þekktumst lítið sem ekkert þegar ég bað Bjartheyju um að syngja með mér í Söngkeppni Flensborgar árið 2008, en við vorum saman í Kór Flensborgarskólans og sungum í sömu rödd, alt 2. Ég þekkti engan, enda nýflutt frá Patreksfirði. Hún var til í það og við hittumst reglulega og æfðum okkur. Ég var búin að læra 3 grip á gítar og Bjarthey sýndi slungnar listir á jembe-trommu. Við tókum lag sem heitir Eyvindur-Fjalla og hrepptum 2. sætið. Það fær svo alltaf að fylgja sögunni að við unnum áhorfendakosninguna. Nú, 4 árum seinna, erum við bestu vinkonur, kunnnum fleiri grip á gítar og tökum ennþá þetta lag á öllum tónleikum og er það eina lagið sem er ekki eftir okkur á plötunni. Þannig, við segjum alltaf að upphaf okkar vinskapar og tónlistarferils sé þetta tiltekna lag.
Bjarthey Svo vildum við fá Smára inn í þetta. Hann var upptökustjóri til að byrja með en slide-afi inn á eitt lag. Okkur fannst það flott, sögðum honum að hætta með kærstunni sinni og byrja með okkur.
Smári Tarfur Ha?

Hvaðan sækid þið þessa hlýju tóna? Hvar fáið þið innblástur?

Guðný Gígja Lögin af plötunni eru öll meira en árs gömul og eru því samin af okkur stelpunum. Nema eitt, sem Smári á mestan heiður af. Innblásturinn kemur mest frá hinum ýmsu upplifunum.
Smári Tarfur Og Prince, maður.

Voruð þið, stelpur, systur í fyrra lífi? Hvernig stendur á því að þið náid svona vel saman í söngnum?

Guðný Gígja Við erum systur í fyrra lífi. Annars erum við mjög duglegar að æfa okkur og flest samtöl okkar fara fram í rödduðum söng.
Bjarthey Smári er svo týnda systirin. Smárína Tarfey.
Smári Tarfur Já. Við erum þrjár systur.

Syngið þið alltaf jafnmörg orð í öllum lögnum?

Guðný Gígja Já, annars er það ósann- gjarnt. Einu sinni söng ég tveimur orðum meira en Bjarthey og þurfti að sjá um rót alein á næstu 10 tónleikum. Ógó öm.
Smári Tarfur Ha, syngur þú? Ég hélt að Bjarthey sæi um báðar raddirnar. Þetta eru fréttir.

Eruð þið kvenkyns Lennon og McCartney?


Guðný Gígja Ég held við séum meira hvorugkyns Sid og Nancy.
Bjarthey Eða tvíkyngs Smokie & The Bandit.
Smári Tarfur Má ég vera karlkyns-eitt- hvað kannski? Nei, bara hugmynd.

Hvert ykkar er best á gítar? Hvernig fara útsendingar fram? Rúllar þetta bara sjálfkrafa eða vakið þið yfir þessu í langa stund?

Bjarthey Það mun vera ég. Engin spurning.
Guðný Gígja Já, okei. Heyrðu, lögin fæðast flest milli okkar Bjartheyjar. Svo kemur Smári oft með innlegg... s...nótu. (Smári hlær)

Þið hafið ferðast um landið að undanförmu og haldið tónleika. Hvernig hefur það gengið?

Smári Tarfur Dúndurvel. Gamliir heima- bæir voru heimsóttir síðast og var sérstaklega gaman að koma aftur á okkar ástkæra Patreksfjörð. Næstu helgi förum við á Hvammstanga og Akureyri.
Guðný Gígja Smári, ég keyri næst svo. Það er algjört met ef þú ferð yfir 60.



Í tilefni af útgáfu plötu ykkar ætlið þið svo að vera með útgáfutónleika í næstu viku. Hvers konar snilld ætlið þið að bjóða upp á?

Guðný Gígja Það verður öllu tjaldað til og blásið til heljarinnar veislu.
Smári Tarfur Svolítið svona eins og í dönsku myndinni - Festen.

Þú, Smári, tókst þátt í Quarashi-ævintýrinu á sínum tíma. Er stefnan sett á að spila fyrir þúsundir manna í Asíu með Ylju?

Smári Tarfur Já, ef veður leyfir.
Guðný Gígja Við ætlum að láta Smára borða Fugu á hverjum degi í Asíu. Og sjá hvað gerist. Heví spennandi.

Hvenær og hvernig kom það til að þú fórst að spila á slide-gítar?

Smári Tarfur Hef alltaf heillast töluvert

af slide-gítarleik en kollféll þegar ég kynntist kjöltustúlum fyrir nokkrum árum. Tók þá gamlan gítar frá pabba mínum, sem er líka gamall, og breytti honum í kjöltugítar. Fór líka að syngja með. Alveg brjáladaur.

Hvað yngist þú um mörg ár þegar þú rakar af þér skeggið?

Smári Tarfur Ég yngist um mörg, mörg hár. Sem ég er einmitt með núna líka. Hár er gaman. Skegg er búið. Allavega mitt.

Hvað er framundan hjá Ylju?

Smári Tarfur Ég þarf allavega að taka úr vél og hengja upp. Hvað með ykkur stelpur?
Bjarthey Gefa út á vinyli. Spila sem mest. Gera allt tryllt.



Hrafnhildur Hekla Eiríksdóttir

- Stúdent frá MR 2008
- Tækni- og verkfræðideild
- Áhersla í námi: Heilbrigðisverkfræði
- Áhugamál: Knattspyrna og harmonikkuleikur

Paolo Gargiulo

- Lektor í tækni- og verkfræðideild
- Doktorspróf frá TU, Tækniháskóla Vínarborgar
- Sérsvið: Heilbrigðisverkfræði
- Verkfræðingur á heilbrigðistæknideild LSH

Velkomin í HR

Viltu skemmtilegt og spennandi nám? Viltu mæta sterkari út á vinnumarkaðinn? Viltu vinna með frábærum kennurum og taka þátt í öflugum rannsóknar- og nýsköpunarstarfi? Háskólinn í Reykjavík er framsækinn, alþjóðlegur háskóli með ótvíræða forystu í tæknigreinum, viðskiptum og lögum – lykilgreinum fyrir öflugt atvinnulíf.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. DESEMBER



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

**SPARI**

BALZER: SAMSØE SAMSØ
SKYRTA: MAÓ
BINDI: VITO
BUXUR: NUDIE JEANS
SKÓR: VINTAGE

**PARTÝ**

SKYRTA: LIBERTINE-LIBERTINE
BUXUR: NUDIE JEANS
SKÓR: DR.MARTENS

**VETRAR**

VESTI: PENFIELD
PEYSA: HUMÖR
SKYRTA: LIBERTINE-LIBERTINE
BUXUR: NUDIE JEANS
SKÓR: SAMSØE SAMSØ

Myndir/Styrmir Kári

Tommy Hilfiger í uppáhaldi

Stíllinn heimsótti **Aron Snæ Arnarsson** þessa vikuna en Aron er aðstoðarverslunarstjóri Gallerí 17 og fylgist vel með allri þróun tískunnar. Aron sýndi Stílnum það helsta úr fataskápnum sínum.

Hver er Aron Snær? Aron er áhugasamur og metnaðarfullur maður. Hann hefur gaman af mannlegum samskiptum og er lífsglaður. Einnig er hann mikill listunnandi og hefur safnað ýmsum listmunum í gegnum tíðina. Hann hefur gaman að því að kynna nýju fólk og skemmta sér með vinum sínum.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Stíllinn minn er að mestu leyti stílhreinn og casual. Ég klæði mig mjög fjölbreytt eftir árstímum og fylgist vel með hvernig tískubylgjan þróast.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég kaupir næstum því öll fötin mín úr Gallerí 17 þar sem við höfum mjög fjölbreytt úrval af flottum fötum og flottum merkjum. Mér finnst líka mjög gaman að kíkja í second hand-búðir.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?

Allir árstímar eru yfirleitt mjög skemmtilegir í tísku en mér finnst hausttíminn standa upp úr vegna þess að þá koma inn dökkir og skemmtilegir litir.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi? Einn af þeim bestu er Nick Wooster, hann er einn af þessum fagmönnum sem klæða sig vel og hafa þetta í blóðinu.

Áttu þér uppáhalds hönnuð? Einn af mínum uppáhalds hönnuðum í augnablikinu er Tommy Hilfiger, nýja haustlínan hans er virkilega vel heppnuð þar sem hann sækist í gamla breska veiðistílinn.

Hver hafa verið þín verstu tískumistöð? Þegar ég var á mínum yngri árum fór ég á grunnskólaskemmtun í bleikri skyrtu með bleikt teinótt bindi og í hvítum gallabuxum. Svo toppaði

ég þetta með teinóttum svörtum blazer. Mér fannst ég vera maðurinn þá.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnum fyrir haustið? Góðar og þægilegar nudie-buxur, góða Dr. Martens-skó, þykka skyrtu og peysu og gott penfield-vesti. Svo er alltaf nauðsynlegt að eiga góðan og hlýjan jakka.

Hvað er á döfinni hjá þér í haust? Þessi árstími hefur yfirleitt snúið fyrst og fremst um vinnuna vegna jólaundirbúnings. Einnig reyni ég að hafa tíma fyrir vini og nánustu.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi mögulega fá mér akeri á upphandlegginn. Akeri er ták stöðuleikans sem lýsir mér ágætlega. Þetta er samt eitthvað sem ég mun líklegast aldrei gera.

Blink

Klassískir hælaskór
9.995,-

Blink

Ökkaskór m/silfurrönd
14.995,-

Blink

Hælaskór m/svörtum steinum
13.995,-

Blink

Hælaskór m/slaufu
11.995,-

Blink

Hælaskór m/gullhæl
11.995,-

Kringlan s.512 1733 | Smáralind s.512 7733
www.ntc.is | erum á facebook

focus

MONITOR

LUMAR ÞÚ Á GÓÐUM HUGMYNDUM?

...fyrir blaðið og MonitorTV

monitor@monitor.is



HVERSDAGS

VESTI: HUMÖR
 SKYRТА: SAMSØE SAMSØ
 BUXUR: DIESEL
 SKÓR: SAMSØE SAMSØ



VINNU/SPARI DRESS

PEYSA: LIBERTINE-LIBERTINE
 SKYRТА: LIBERTINE-LIBERTINE
 BUXUR: NUDIE JEANS
 SKÓR: SAMSØE SAMSØ



VINNU DRESS

SKYRТА: SAMSØE SAMSØ
 BUXUR: NUDIE JEANS
 SKÓR: SAMSØE SAMSØ

Fylgdu okkur á **facebook**



Ný skósending



10.990 kr.



11.990 kr.



9.990 kr.



10.990 kr.



10.990 kr.



9.990 kr.

Dúkkuhúsið

Kringlan ★ Vatnsstígur 3
 Sími 5170044

Lærði að maður ætti að gera allt sjálfur

Ólafur Arnalds skrifaði á dögnum undir samning við útgáfurisann Universal og vill eigna pönkinu sem hann var á kafi í á árum áður einhvern heiður að því. **Monitor** ræddi við hann um Harry Potter-eltihrellana, kvikmyndatónlistina og andúð hans á jólnum.

Þetta gerðist af því að ég hafði lært í pönkinu að maður ætti að gera allt sjálfur," segir tónlistarmaðurinn og fyrrverandi pönktrommuleikarinn Ólafur Arnalds um það hvernig honum hefur í gegnum árin tekist að hasla sér völl í tónlistarbransanum fyrir utan landsteinana. Öll sú vinna bar rækilega ávöxt nýlega því í síðustu viku var tilkynnt að hann hefði skrifað undir samning við útgáfurisann Universal.

Ólafur hefur ekki verið við eina fjölinna felldur í tónlistinni að undanfögnu og hefur látið til sín taka á ólíkum sviðum. Til marks um það má annars vegar benda á að hann hefur starfað með popparanum Friðriki Dór að undanfögnu og hins vegar spilaði hópur hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands inn á nýjustu plötu Ólafs sem kemur út í febrúar næstkomandi. „Maður er náttúrulega alltaf frekar lítill inni í sér svo það var náttúrulega geðveikt að gera eitthvað svona stórt í sniðum með fólkinu úr Sinfó," segir Ólafur.

Bládamáður settist niður með tónlistarmanninum fjölhæfa og ræddi við hann um af hverju hann hætti að tromma eftir að hafa tekið sjö stig á hljóðfærið, Universal-samninginn, lífið á tónleikaferðalögum, Hollywood-kvikmyndatónlistina og hvað sé að frétta af samstarfsverkefni hans með Emmu Watson, svo eitthvað sé nefnt.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is
styrmirkari@mbl.is

Í síðustu viku var tilkynnt um að þú hefðir skrifað undir samning hjá rísanum Universal og óskum við hjá Monitor þér innilega til lukku með það. Má segja að einhvers konar æskudraumur sé að rætast?

Nei, ég myndi eiginlega ekki segja það af því að ég ólst upp við að spila í pönkhljómsveit svo ég hef í raun og veru aldrei verið neitt sérstaklega hrifinn af svona stórfyrirtækjum. Allur minn árangur hefur orðið til út frá því að vinna með góðum vinum hjá lítilli útgáfu þar sem allt er mjög persónulegt og skemmtilegt. Í gegnum árin hefur maður svo öðlast reynslu af bransanum og lært að stórfyrirtækin eru kannski ekkert alltaf alsæl (hlær). Þetta er eins og allt annað í heiminum, það er gott fólk alls staðar og það er slæmt fólk alls staðar. Ég var bara svo heppinn að kynnað rosalega góðu fólki hjá Universal sem ég treysti og hef áhuga á að vinna með, annars hefði ég ekki gert þetta. Ég hefði aldrei skrifað undir samning bara af því að hann kæmi frá Universal.

Mér skilst að samningaviðræðurnar hafi tekið sinn tíma.

Þær tóku sinn tíma en þær voru ekki endilega erfiðar. Þetta var fyrst og fremst bara þannig að ég gerði mínar kröfur. Það er náttúrulega ekkert mál að afgreiða þetta á viku ef maður tekur bara við samningnum og skrífur undir hann, en um leið og maður gerir einhverja athugasemd eða biður um eitthvert smáræði þá þarf það að fara í gegnum svo margar deildir hjá þeim. Það voru nokkuð mörg atriði sem ég vildi fá að breyta frá því að ég sá samninginn fyrst, til dæmis atriði sem tengdust því sem ég hef verið að gera í kvikmyndatónlistinni. Það eru hlutir sem ég er búinn að vera að byggja upp sjálfur svo mér fannst eðlilegra að það væri utan samningsins. Sömuleiðis fannst mér mikilvægt að mér væri frjálst að leika mér í einhverjum hliðarverkefnum án þess að þurfa að biðja Universal alltaf um leyfi.

Ef ég er að fara að vinna með einhverri útgáfu kannski næstu tíu árin, þá er nú allt í lagi að taka fimm mánuði í

að útfæra samninginn vel. Það eru of margir sem lenda í því að verða of spenntir og stökkva strax á fyrsta tilboði og enda síðan kannski á að vera ósáttir næstu tíu árin.

Með þessum samningi gerir maður ráð fyrir að hellingur af nýjum dyrum opnast fyrir þig. Hvernig kemur þetta helst til með að hafa áhrif á framhaldið hjá þér?

Í fyrsta lagi vonast ég til að verða sterkari í fleiri löndum heldur en áður. Litla fyrirtækið sem ég var áður hjá, indíútgáfufyrirtækið Erased Tape Records, starfar ekki mikið í Bandaríkjunum til dæmis en Universal er náttúrulega með stórar deildir þar. Að sama skapi ætti tónlistin mín núna vonandi að komast til bara almennt stærri markhóps, ekki bara til þeirra hlustenda sem eru að þæla í indítónlist heldur líka þeirra sem eru að þæla meira í tónlist sem flokkuð er sem „mainstream“.

Alveg frá því að fyrsta sólóplatan þín kom út fyrir fimm árum hefur þú verið að mála hjá þessari bresku indíútgáfu. Er ekki rétt hjá mér að fullyrða að tónlist þín hafi í raun vakið athygli í útlöndum töluvert löngu áður en hún gerði það hérlendis?

Jú, það er alveg rétt. Íslendingar eru í sjálfu sér bara rétt að fatta mig og tónlistina mína núna. Það hefur verið smá-verk að vekja athygli á tónlistinni sinni hérna heima, það gerist aðallega bara þegar ég kemst í blöðin út af einhverjum „sigrum“ í útlöndum. Þetta er samt vonandi að koma svona smám saman.

Hvernig hefur þú haslað þér völl í útlöndum?

Áður en ég hafði gert nokkurn skapaðan hlut með þessa tónlist mína hérna heima, þá prófaði ég að senda vinkonu minni í Þýskalandi lögmin mín af því að hún var að vinna á tónleikastaði þar. Það varð til þess að hún bauð mér að koma út að spila og ég sagðist klár í það ef hægt væri að redda nokkrum gíggum í viðbót, sem síðan tókst. Svo nýtti ég mér bara MySpace til að kynna mig í þessum bæjum í Þýskalandi, ég var í raun bara duglegur við að „spamma“ fólk. Á MySpace er hægt að leita að fólki eftir skilyrðum eins og „fólk á aldrinum 20-25 ára í þessum tiltekna bæ í Þýskalandi“. Ég byrjaði bara að „adda“ fólk þáðan og eyddi bara geðveikt miklum tíma í þetta. Síðan fór ég út og þá mættu 200 manns á fyrstu tónleikana mína og út úr því kom síðan bara ýmislegt. Þarna hitti ég tónleikabókarann minn sem ég vinn enn með í dag og stuttu seinna hafði útgáfufyrirtækið samband. Þetta gerðist af því að ég hafði lært í

pönkinu að maður ætti að gera allt sjálfur.

Eins og þú nefndir var það atriði fyrir þér að halda öllu sem tengist kvikmyndatónlist utan samningsins við Universal. Verður framhald á því?

Já, engin spurning. Á þessu ári er ég búinn að vera að gera mjög mikið í því. Einmitt þessa stundina er ég að semja tónlist fyrir breska spennuþætti sem verða sýndir í sjónvarpi þar í landi. Þetta eru átta þættir sem ég þarf að semja fullt af tónlist fyrir, þannig að ég verð alveg á fullu í því þangað til platan mín kemur út í febrúar. Síðan var ég að klára eina Hollywood-mynd með Brendan Fraser og Vanessa Hudgens í aðalhlutverkum, hún kemur út einhvern tímann á næsta ári. Þetta er það sem ég hef fengist við síðustu tvo, þrjú mánuði og svo liggur fullt af verkefnum einhvers staðar til hliðar sem ég er bara að biðja eftir að komast í.

Þú hefur átt lag í Hollywood-myndum eins og Hunger Games og Looper. Færð þú kitl við það að hugsa til þess að lag eftir þig sé notað í Hollywood-mynd?

Það er náttúrulega geðveikt að fara í bíó að horfa á Bruce Willis þar sem manns eigin tónlist er undir (hlær). Ég fæ alveg nett „kick“ út úr því. Það var líka gaman að sjá Hunger Games. Ég myndi kannski ekki segja að þetta væri einhver mikilmennskutilfinning, maður lítur kannski meira á þetta bara sem ágóða þess hvað maður hefur lagt mikla vinnu í þetta allt saman á síðustu árum.

Hvernig kemst íslenskur tónlistarmaður með tónlistina sína inn í Hollywood?

Í mínu tilfalli kom þetta allt í gegnum plötuútgáfuna og tónleikaferðalögin. Fyrsta „Hollywood-myndin“ sem ég gerði kom bara til vegna þess að leikstjórnin var aðdáandi. Ég lagði mikinn metnað í hana, gerði hana eins vel og ég gat og fékk í framhaldinu umboðssamning við CAA. Þetta byrjar allt og endar með hugarfarinu og metnaðinum.

Í lok sumars skrifaði Hollywood-stjarnan og „Íslands-vinurinn“, Emma Watson, á Twitter að hún dýrkaði tónlist þína ásamt tónlist Sóleyjar og Of Monsters and Men. Skömmu seinna var greint frá því að hún væri mætt í hljóðverið til þín að taka upp. Var tísið kveikjan að þessu? Hvenær mun fólk fá að heyra afraksturinn?

Það var reyndar búíð að bóka þetta nokkrum vikum áður en hún kom til landsins, sem sagt áður en hún skrifaði þetta á Twitter. Hún kíkti í stúdíóið til mín ásamt vini sínum og við bjuggum til einhverja tónlist. Hún var í raun bara að leika sér, þetta er einhvers konar unglinga-popp. Hún er svo sem ekkert endilega í aðalhlutverki í þessari tónlist en þetta á vist að koma út einhvern tímann, ég veit þó ekki alveg hvenær.

Þetta hafði samt einhver áhrif á Twitter-síðuna þína, ekki satt?

Jú, það er rétt. Allt í einu fór að hrúgast inn endalaust af skilaboðum frá æstum Harry Potter-aðdáendum, í raun bara „Harry Potter-eltihrellum“. Ég talaði ekkert um þetta við neina erlenda

ÓLAFUR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 031186.

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Sú staðreynd að kærastan mín var að einoka sængina.

Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina: Stundum gerir heimurinn mig niðurlátan. Fólk sprengir hvort annað í loft upp og hvað eina.

Það fyndnasta sem ég hef séð á netinu: Litla pöndubarnið sem er að hnerra svo hátt.

Æskuátrúnað-argóð: Þjóssi í Mínus var í hljómsveit með bróður mínum og þeir æfðu í bílskúrnunum heima. Mér fannst hann vera besti trommari í heimi. Sem hann auðvitað er!



„Það er náttúrulega geðveikt að fara í bíó að horfa á Bruce Willis þar sem manns eigin tónlist er undir (hlær).“

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég fór til London, ég þurfti víst að skrifa undir samning...



Síðasti veitingastadur sem ég borðaði á: Sushi Samba, þar fékk ég sushi ... og samba.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég var að kaupa WSW mikrófón-lampaformagnara frá 1952. Mjög norðalegt, ég veit.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Cloud Atlas, búinn að vera spennur fyrir henni lengi og varð ekki fyrir vonbrigðum.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi: Ég fór út með ruslið í gær, telst það með?



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Í gærkvöldi sagði ég kærustunni minni að mér þætti vænt um hana þótt hún væri leiðinleg.



fjölmíðla en komst svo að því að einhverjar Harry Potter-aðdáendabloggsíður höfðu náð að þýða þetta upp úr íslenskum vefsíðum. Aðdáendur voru sem sagt bara að spyrja mig út í lagið og líka bara um Emmu sjálfa, þeir voru að reyna að komast nær átrúnaðargóðinu sínu í gegnum mig. Þetta er meira að segja enn þá í gangi, ég fæ kannski eina svona fyrirspurn á dag (hlær).

Eins og komið hefur fram hefur þú alltaf haft nóg að gera í tónlistinni fyrir utan landsteinana. Hvað heldur þú að þú sért marga daga á ári í útlöndum? Hefur einhvern tímann hvarflað að þér að flytja út?

Að meðaltali er ég líklega svona þrjá til fjóra mánuði á ári í útlöndum. Þessi tími fer náttúrulega mest í tónleikaferðalög en svo fer ég líka til L.A. svona tvisvar sinnum á ári í kannski tvær til þrjár vikur í senn til að afgreiða ýmsa fundi og þannig, til dæmis í sambandi við útgáfu-fyrirtækið og starfið í kringum kvikmyndatónlistina.

Það er kannski ekkert alltaf hagkvæmt að búa á herna heima í sambandi við þetta en mér finnst það voðalega gott, mér finnst ég alveg nógu mikið í burtu fyrir. Ísland er frábær staður til að búa til tónlist á, hér er svo þægilegt að vera og hér er frábært tónlistarlíf. Í L.A. til dæmis er glatað tónlistarlíf, þar snýst tónlistarsenan ekkert um tónlist heldur bara um bransann. Ég vil frekar búa til tónlistina herna heima og svo get ég farið til L.A. þegar ég þarf að taka þátt í bransadótinu (hlær).

Allt í einu fór að hrúgast inn endalaust af skilaboðum frá æstum Harry Potter-aðdáendum og þá er ég að tala um nokkur hundruð að minnsta kosti. Þetta voru í raun bara „Harry Potter-eltihrellar.“

Þú hefur ferðast út um allt með tónlistina. Hvernig er lífið á svona tónleikaferðalögum?

Maður lifir eiginlega bara í einhvers konar sápuvúlu, þetta getur verið mjög skrítið. Það er kannski erfitt að lýsa því, en það er ekki mjög eðlilegt líf til lengdar að vera á einhverju ferðalagi í nokkra mánuði þar sem allt snýst um mann sjálfan. Eina fólkið sem maður hittir eru aðdáendur tónlistarinnar manns og svo byggist dagurinn eiginlega bara svona upp: Maður vaknar um hádegi, stillir upp og „sándtökkar“, svo fær maður sér að borða, spilar, fær sér bjór og fer að sofa. Maður gerir eiginlega aldrei neitt annað, maður er löngu hættur að reyna að túristast í borgunum sem maður kemur til.

Fjölmíðlar fjalla gjarnan um „rider-lista“ frægra tónlistarmanna á tónleikaferðalögum. Gefur þú upp hvað er á þínum lista?

Ég reyni nú alltaf að gera eitthvað svolítið skemmtilegt með hann. Á þessu ári er ég til dæmis alltaf búinn að biðja um viskíflösku, helst tegund sem við höfum ekki smakkað áður. Við erum sem sagt búin að vera með viskísmökkun á tónleikaferðalögum. Annars er ég nú ekki mjög sérvitur nema í sambandi við hluti sem tengjast tækniatriðum. Við erum með mjög viðkvæma tónleika og þess vegna tek ég fram að það megi ekki vera bar inni í tónleikasalnum og það mega ekki vera nein loftræstikerfi í gangi og svona, til að þögnin sé algjör.

Þú ert grænmetisæta. Er passað upp á að þú fái alltaf mat við hæfi á öllum stöðum sem þú treður upp á?

Það er nú einmitt á „ridernum“ en annars hefur það aldrei verið vandamál. Það er náttúrulega svo algengt að tónlistarmenn séu grænmetisætur svo það er yfirleitt gert ráð fyrir því að maður sé grænmetisæta.

Pylsur eru ekki í sérlegu uppáhaldi hjá þér, er það nokkuð?

Nei, vægast sagt ekki (hlær). Ég held að einu tvö skiptin sem ég hef borðað pylsur hafi verið í fimm ára afmæli vinar míns og svo á Akureyri með pabba mínum. Í seinna skiptið var ég á Halló Akureyri og þar var gó-kart bílabraut og pabbi minn sagði við mig að fyrir hvern bita sem ég tæki fengi ég einn hring á bílabrautinni. Ég tók fimm bita, keyrði síðan fimm hringi og ældi því svo öllu (hlær). Hvort ef ég ældi ekki bara líka í barnaafmælinu. Ég hef aldrei getað borðað kjöt.

Þú rekur þitt eigið hljóðver. Hvernig er hinn týpíski vinnudagur hjá þér?

Þegar ég vakna byrja ég yfirleitt á því að vinna heima hjá mér við það að svara tölvupóstum og svona sem hafa dottið inn um nóttina vegna tímamismunarins. Svo fæ ég mér morgunmat og mæti í stúdíóið um ellefu og fyrri partur vinnudagsins míns þar fer fyrst og fremst í það að skipuleggja hugmyndirnar mínar, til dæmis þegar ég er að vinna með kvikmynd þá þarf ég að útfæra tónlistina á að passa við einhverja ákveðna senu. Þegar líður á daginn fer ég að fá

einhverjar hugmyndir að einhverju nýju efni og oftast vinn ég í því fram eftir kvöldi.

Auðvitað gengur þetta ekkert alltaf alveg upp. Ég myndi segja að það kæmi eitthvað af viti út úr mér svona þriðja hvern dag þó svo að ég sé þar alla daga.

Maður hefur heyrt að þú sért ansi duglegur, allt að því vinnufíkill í kringum tónlistina. Ert þú ekki að verða gráhærður af þessu vinnuálagi?

Jú, bókstaflega, ég er mjög grár í hliðunum. Ég var einmitt í klippingu í dag og í hvert sinn sem ég fer segir hárgreiðslukonan: „Jæja, það eru komin nokkur grá hár í viðbót.“ Mér finnst þetta samt bara gott lúkk, ég stefni á að verða silfurrefur fyrir fertugt (hlær).

Ég er langt leiddur vinnufíkill, mér líður eiginlega bara langbest í stúdíóinu. Svo er ég líka með svona þráhyggju fyrir því að vinna alltaf hvert verkefni fyrir sig betur en verkefnið á undan, þannig keppi ég við sjálfan mig.

Undanfarin misseri hefur þú snúið þér að poppaðri og dansvænni tónlist sem helmingur dúettsins Kiasmos en hinn helminginn skipar Janus Rasmussen úr Bloodgroup. Hvernig kom það til að þú fórst út í svona rafrænt danspopp?

Ég hlusta á alla mögulega tónlist, til dæmis raftónlist, og ég er með þannig áráttu að mér finnst ég verða að prófa að semja allar týpur af tónlist sem ég hlusta á. Ástæðan fyrir því að ég fór út í þessa popptónlist núna er líklega bara vegna þess að ég er þessi vinnufíkill, eins og við ræddum áðan. Þegar ég þarf að taka mér pásu, þá leiðist mér svo geðveikt mikið ef ég er bara að hanga einhvers staðar. Fyrir vikið byrjaði ég að nýta fríin frá aðaltónlistarverkefninu mínu í það að sinna annarri tónlistarsköpun og dæmi um það er Kiasmos. Ég tek mér sem sagt frí frá því að gera sorglega píanótónlist með því að gera stuðpopptónlist.

Helmingur af nýjustu plötu Friðriks Dórs, Vélrænn, er með lögum eftir ykkur Kiasmos-bræður. Hvernig upphófst það samstarf?

Það byrjaði í raun bara þegar Friðrik bað mig um að gera strengi inn í nýja útgáfu af laginu Leiðarlok sem var á fyrri plötunni hans. Þegar hann mætti síðan í stúdíóið til mín, þá sagði ég honum frá því að ég ætti nokkur popplög og leyfði honum að heyra. Í kjölfarið fékk hann okkur til að gera helminginn af plötunni sinni sem var virkilega skemmtilegt.

Framundan eru ansi spennandi tímar sem halda þér líklega uppteknum til ársins 2014. Er pláss fyrir jólatílhókkun þessa stundina?

Nei, ég er ekkert jólabarn, mér finnst þetta allt bara ógeðslega leiðinlegt (hlær). Ég þoli ekki að þurfa að fara í Kringluna í algjöra örtröð og þurfa að finna eitthvað drasl handa litlu frændsystkinunum og eitthvað. Mér finnst ótrúlega gaman að hitta fjölskylduna mína og eiga með henni notalega kvöldstund, en á meðan vikurnar tvær á undan ganga yfir vil ég helst loka mig inni.

Það má þá ekki búast við jólagagi frá þér á næstunni?

Það er hins vegar annað mál, ég var einmitt að segja við frænku mína um daginn að kannski myndi maður einhvern tímann gefa út jólagag og þykjast vera geðveikt mikið jólabarn. Annars fíla ég nú alveg nokkur góð jólalög. Ég er duglegur við að bögga mömmu mína á meðan hún er að elda jólamatinn með því að taka gítar eða mandólín í hönd og syngja nokkur jólalög fyrir hana. Það er algengast að ég taki Jólahjól, en henni finnst það bara ekkert sérstaklega jólalegt (hlær).

SMÁA LETRIÐ



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Office Space.

Myndin sem ég væli yfir: Green Mile.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Hot Rod.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Ráðagóði róbótinn (Bad Robot).

Versta mynd sem ég hef séð: The Notebook.



TÓNLIST

Lagið í uppáhaldi þessa stundina: Caught a Long Wind með Feist.

Lagið sem ég hlusta á til að gira mig upp fyrir helgina: D'Angelo-safnið á vinyli.

Lagið sem ég fíla í laumi: Ég elska 90's-stúlkasveitir eins og TLC. En það er nú ekkert leyndarmál.

Lagið sem ég syng í karóki: Ég held mig nú almennt frá slíku, en tók einhvertímann Pictures of You með Cure þarna á skrytna barnum á Frakkastígnum.

Nostalgiulagið: Transatlanticism með Death Cab for Cutie.



FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Pítsa.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Hráfæðismaturinn á Gló.


Versti matur sem ég hef smakkað: Sveppir.

Líkamsræktin mín: Ég reyni stundum að fara út að hlaupa en dett yfirleitt og meiddi mig.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Fékk bronsmedalíu fyrir langstökk einhvertímann. Það voru bara þrjár keppendur.



BIBLIÍSK GEIMÓPERA



Geimóperan *Opinberun* er komin í
búðir. Þar segir Hugleikur Dagsson
frá biblískum heimsendi með
tilheyrandi englum og skrímslum.
Bókin er tiltölulega frumleg en
stelur samt aðeins úr öðrum
ævintýrum eins og Stargate,
Mars Attacks og Biblíunni.

HUGLEIKUR DAGSSON
OPINBERUN




ÓKEIBA
www.forlagid.is

„Má bjóða þér í glas... eða viltu kannski heldur peninginn?“
101 Reykjavík

KVIKMYND

Formúlufroðugrín

Here comes the Boom er nýjasta mynd Kevin James, sem sló rækilega í gegn sem hinn íturvaxni og stórskemmtilegi póstsendingill Doug Heffernan í sjónvarpsþáttunum King of Queens. James er sjálfur einn af handritshöfundum og sér vinur hans Frank Coraci um að leikstýra myndinni.

Myndin fjallar um kennarann Scott Voss, sem er leikinn af James, sem hefur fengið algjört ógeð af starfi sínu. Þegar skólinn lendir í fjárhagskröggum þarf að skera niður allar tólmstundir, þar á meðal tónlistarnámið. Scott Voss ákveður að hjálpa til við að safna peningum til þess að bjarga tónlistaræildinni. Hann ákveður að safna peningunum með því að stunda fjölbragðaglímu, með öðrum orðum láta berja sig eins og harðfisk. Fjáröflunin fær Scott til að sjá lífið með öðrum augum, hann finnur aftur ástríðuna fyrir starfi sínu og hlutirnir fara að rúlla hjá okkar manni.

Leikarahópurinn samanstendur af góðri blöndu af grínistum og þálfreyndum leikurum. Kevin James er alltaf solid í svona hlutverkum og hann fær mig alltaf til að hlæja. Eins og alltaf er ein skvísa sem leikur sem leikur aðal-kvenhlutverkið, að þessu sinni er það hin blóðheita latínó skvísa Salma Hayek og stendur hún sig með stakri prýði eins og venjulega. Here comes the Boom skartar líka MMA-kappanum Bas Rutten sem leikur Niko, hollenskan þjálfara Scott og kemur hann með skemmtilegan vinkil á myndina. Henry Winkler, sem er einn mesti „já þessi gaur“ í kvikmyndabransanum, leikur síðan Marty Steb, sérvitra tónlistarkennarann og er flottur í því hlutverki.

Here comes the Boom er finasta grínmynd, hún er ekkert að þykjast vera e-ö meira en hún er og ég fagna því. Þetta er bara ákveðin formúla af froðu sem er fyndin, en ekkert hilarious, og léttum boðskap. Ef þú vilt sjá mynd sem er létt og skemmtileg og þarfnast engrar hugsunar þá er Here comes the Boom þokkalegasta skemmtun.

HERE COMES THE BOOM
IVAR ORRI ARONSSON

MMMMMM



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Killing Them Softly

Þegar tveir auðnuleysingar komast upp með að ræna heilt pókerbolt sem er haldið á vegum mafunnar kemur ekkert annað til greina en að hafa hendur í hári þeirra, endurheimta peningana og láta auðnuleysingjanna hverfa. Ákveðið er að kalla til þann besta í verkið, hinn glerharða og reynda Jackie Cogan. Og Jackie er ekkert að tvínóna við hlutina og er fljótlega kominn á sporið. Hann telur sig í það minnst vera kominn á réttar slóðir en í ljós kemur að málið er ekki eins einfalt og það sýndist í fyrstu.

Leikstjóri: Andrew Dominic.
Aðalhlutverk: Brad Pitt, James Gandolfini, Max Casella, Ray Liotta, Sam Shepard, Ben Mendelsohn, Vincent Curatola, Slaine og Scoot McNairy.
Lengd: 90 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó og Borgarbíó.

SKECHERS



FALINN HÆLL
AUKIN HÆÐ



VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladid



TÖLVULEIKUR



Hitman Absolution
MMMMMM
Tegund: Hasarleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Square-Enix
Aðrir dómur:
IGN 9 af 10
Gamespot 7,5 af 10
Eurogamer.net 7 af 10

Hörku skalli

Það eru 6 ár síðan sköllótti leigumörðinginn Agent 47 leit síðast dagsins ljós í tölvuleik, en þessi grjótharði og tilfinningasnaubi morðingi er eitt mesta hörkutól tölvuleikjanna og því mikil pressa á karlinum að standa sig.

Að þessu sinni er búið að svíkja gamla og allir sem hann eitt sinn gat treyst eru búnir að plotta gegn honum og hafa smellt saman í eitt spikfeitt samsæri þar sem löggan og allskyns illmenni koma við sögu.

Hvert borð leiksins er sett upp eins og þraut. Á þeim eru skotmörk sem þarf að taka út með einum eða öðrum hætti, en leikmenn ráða algjörlega hvernig þeir fara að því. Sumir kjósa að vera eins og fill í postulínsverslun og skjóta allt sem hreyfist og hleypa öllu í uppnám en aðrir kjósa leið leigumörðingjans og læðast um, fara í dulargervi og nota hugmyndarflug til að framkvæma morðin. Stigakerfi leiksins verðlaunar þá leikmenn sem læðast um og leggja sig fram við morðin.

Spilunin er mjög svipuð og í fyrri leikjunum, nema hvað búið er að bæta við svokölluð Point Shooting-kerfi en þar geta leikmenn stöðvað tímann, miðað á mörg skotmörk í einu og svo hleypt af. Þetta minnir á kerfið í Red Dead Redemption-leiknum. Einnig er kominn instinct-mælir, en með honum geta

leikmenn séð hvar skotmörkin og aðrir áhugaverðir hlutir í umhverfinu eru.

Fyrir utan söguþráð leiksins inniheldur hann svokallaðan Contracts-möguleika þar sem leikmenn geta í raun búið til sín eigin borð og ráðið þar hver er skotmarkið, hversu mikið er af vörðum og öðrum hættum. Svo er hægt að hlaða þessum borðum á netið og einnig sækja þaðan borð sem aðrir hafa búið til. Þetta lengir líf leiksins töluvert og munum leikmenn gleyma sér hér tímumum saman.

Grafík leiksins er stórgóð, enda keyrir hann á öflugri grafíkvél sem er fær í flestan sjó. Talsetning er meðal annars í höndum Hollywood-leikara á borð við Powers Boothe og Keith Carradine og einnig annarra „leikara“ á borð við Traci Lords sem margir þekkja fyrir liðleika og leikhæfileika.

Hitman Absolution er alls ekki gallalaus, en kostirnir dreggjá þeim að mínu mati og ég var manna ánægðastur með hversu vel Hitman kemur undan vetri.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON

MICHAEL JACKSON

Billie Jean

Goðsögnin Quincy Jones sem sá um upptökur á helstu plötum Jacksons var ekki hriðinn af Billie Jean þegar MJ kom með demóið til hans. Lagið fannst honum undarlegt og veikt lag og mest af öllu þoldi hann ekki bassaganginn fræga. Textinn fannst honum þá helst full-„stalkera-legur.“ Michael Jackson barðist þó fyrir sínu og eftir endalausar endurhljóðblandanir gat Quincy Jones sætt sig við að hafa lagið á plötunni.

Lagið var ekki bara „monster hit“ heldur er talað um að tónlistarmyndbandið sé fyrsta tónlistarmyndbandið eins og við þekkjum þau í dag. Ekki bara hljómsveit að spila heldur sjálfstætt myndverk. Myndbandið er líka það fyrsta með svörtum tónlistarmanni sem MTV tók til spilunar. Það gerðu þeir reyndar með miklum trega og voru beittir miklum þrýstingi en allar götur síðan hafa hvítir ekki einokað stöðina.



PRINCE

Kiss

Prince er undarlegt fyrirbæri. Þegar hann hafði klárað lagið Kiss og var að renna yfir það komst hann að þeirri niðurstöðu að lagið væri of lélegt fyrir hann sjálfan svo hann lét það í hendur hljómsveitarinnar Mazarati, sem var á hans snærum.

Mazarati-liðar eyddu heilum degi í að reyna gera eitthvað með lagið og þegar fór að líða á nóttina gáfust þau upp, lagið var einfaldlega of lélegt. Þegar þeir mættu aftur í stúdíóið daginn eftir var þar fyrir Prince sjálfur í miðjum klíðum að taka lagið upp sjálfur og tilkynnti þeim að lagið væri of gott fyrir þau. Prince tók allt úr laginu nema söng, trommur og gítar og hélt sína leið til útgáfufyrir-tækisins.

Þar á bæ voru menn ekki sáttir, stjarnan Prince mætir með demo til þeirra og heimtar að það verði gefið út. Eftir mikil rifrildi kom lagið þó út og fór beint í fyrsta sæti allra vinsældarlista.



Fædd til að slá í gegn?



TÓNLIST
FREYR ÁRNASON

Það er ekki alltaf svo að smellir tónlistarsögunnar séu álitnir slíkir við fyrstu hlustun. Freyr Árnason tók saman nokkrar skemmtilegar sögur um tilurð nokkurra laga sem urðu mega-hittarar.

METALLICA

Nothing Else Matters

Lagið sem lélegir gítaraleikarar hafa óumbeðnir séð um að skemma fyrir umheiminum. Hetjan James Hetfield samdi þetta lag eftir að hafa átt í einhverjum erfiðleikum með þáverandi kærustu sinni. En James Hetfield er harður gaur og þess vegna mátti enginn heyra að hann ætti sér mýkri hlið svo hann hélt því, eins og tilfinningum sínum, aðgreindu frá umheiminum. Það var síðan þegar Lars Ulrich slysaðist til að heyra lagið að hann vildi að þeir gerðu eitthvað með það. Það tók Hetfield hins vegar langan tíma að þora spila það fyrir framan hljómsveitina en þegar það loksins gerðist voru allir sammála um að þetta væri lagið.



NWA

Fuck The Police

Eitt síðkvöld í Mið-suður-Los Angeles ritaði Ice Cube texta um lögreglu-starfsmenn borgarinnar. Hann fór með hann til Dr. Dre og tóku þeir lagið upp. Allir voru þó sammála um að lagið væri líklegast of gróft og söltuðu lagið.

Það var ekki fyrr en Dr. Dre og Eazy-E voru teknir nokkru seinna við að skjóta á fólk með paintball-byssum að áhuginn á laginu kviknaði aftur. Þeir kláruðu að taka upp lagið og út kom það, jafnvel grófara en þegar Ice Cube tók upp demóið. Nú rúmum tuttugu árum seinna, eftir FBI rannsókn og tilheyrandi vesen þökkum við þeim félögum að hafa framkvæmt þá fáránlegu hugmynd að skjóta á fólk með paint ball-byssum.



SMASHING PUMPKINS

1979

Þegar tókum var við það að ljúka á plötunni Mellon Collie and the Infinite Sadness mætti Billy Corgan með lagið 1979 í stúdíóið. Producerinn Floody hafði engan áhuga á laginu og sagði það ekki nægilega gott fyrir plötuna auk þess sem fyrir voru um 80 lög tilbúin. Billy gafst þó ekki upp og kláraði lagið á fjórum tímum án upptökustjórans sem þurfti eins og margir aðrir að éta sokk þegar lagið kom loks út. Algjör klassiker.



EURYTHMICS

Sweet Dreams

Eurythmics var ekki stórt band þegar Sweet Dreams kom út. Þau höfðu farið í gegnum strögglið, fengið plötusamning og gefið út plötu 1980. Sú plata floppaði illa og tveimur árum seinna voru þau ein og yfirgefnir í kjallara vöruskemmu með lágmarks upptökutæki.

Í miðju brjáluðu rifrildi þar sem framtíð hljómsveitarinnar var í uppnámi spilaði David Stewart óvart einhverja bassaupptöku aftur á bak og við það lægði storminn. Annie Lennox settist strax við hljómborðið og spilaði synthalínuna frægu. Það var enginn tími til að semja texta svo hann var bara saminn á meðan söngurinn var tekinn upp, í einni töku.

Restina þekkjum við. Gömlu lögin sem floppuðu illa tveimur árum áður urðu meira að segja vinsæl í kjölfarið. Þannig að næst þegar þú ert á skemmtistað og Sweet Dreams er sett á, skaltu þakka guði fyrir þá röð tilviljana sem bjuggu þetta lag til.

MARVIN GAYE

What's Going On

Marvin Gaye var á sínum tíma á mála hjá Motown Records og maðurinn sem fór með öll völd þar, Berry Gordy var temmilega geðsjúkur. Á hverjum föstudegi, eftir að Billboard-listinn var gerður opinber, fundaði hann með öllum lagasmiðum útgáfunnar þar sem þeir spiluðu fyrir hann afrakstur síðustu viku og ákveðið var hvort eitthvað væri nothæft. Gæðaeftirlitið var það strangt að ef lögin væru ekki betri en topp-5-lögin þá vikuna var þeim annaðhvort hent eða lagasmiðirnir fengu eina viku til að gera lagið að hittara. What's Going On var eitt þeirra sem stóðst ekki kröfurnar.

Tveimur árum seinna hafði Marvin Gaye tekið lagið af lagasmiðunum og endurgert það næstum frá grunni. Samt sem áður þótti það ennþá ekki nógu gott, eða svo ég noti orð Berrys Gordy sjálfs; „Hugsanlega versta lag sem ég hef heyrt.“

Okkar maður gafst þó ekki upp, stóð í allskonar hótunum og á endanum var lagið gefið út án vitneskju Berrys. Það hefði líklegast þýtt að margir hefðu verið reknir hefði lagið ekki slegið í gegn. Ekkert lag sem komið hefur út hjá Motown hefur selst jafn mikið á stuttum tíma, 200.000 eintök fóru á fyrstu vikunni.



**FÓSTURFJÖLSKYLDA SVEINS Í KENÍA
OG GAUTI AKUREYRINGUR ER Í MIÐIÐ**



**TILAPIA-FISKURINN
ELDADUR EN HANN
ER SVO BORDADUR
MED FINGRUNUM**

HVAÐ ER Í BOÐI?

AUS - Alþjóðleg ungmenntaskipti eru alþjóðleg sjálfbóðaliða-samtök með yfir 50 ára reynslu í að senda fólk á aldrinum 18-30 ára í sjálfbóðastörf víðs vegar um heiminn. Að fara sem sjálfbóðaliði gefur einstaklingnum tækifæri til að kynna nýrri menningu, tungumáli og samfélagi annarra þjóða, að ekki sé minnst á þá lífsreynslu sem einstaklingurinn öðlast við slíkt tækifæri.

AUS býður upp á þrjár leiðir fyrir sjálfbóðaliða en hér skoðar Monitor 6-12 mánaða verkefni sem bjóðast utan Evrópu en þau nefnast ICYE Long Term.

Hægt er að finna verkefni sem hæfir hverjum og einum. Innifalið í lengri verkefnum er tungumálanámskeið, tryggingar, fullt fæði og húsnæði ásamt smá-vasapening, ráðstefnum og öryggisneti AUS. Í flestum löndum fá sjálfbóðaliðar tækifæri til að búa hjá fósturfjölskyldu og þannig fá þau góða innsýn á samfélagið.

Innsýn í framandi menningarheim

Sveinn Pálsson fór til Kenía í 6 mánuði þar sem hann vann sem sjálfbóðaliði. Hann sagði **Monitor** frá því mikla ævintýri.

Hvernig kom það til að þú fórst til Kenía?

Ég útskrifaðist úr menntaskóla á haustönn og var búinn að ákveða að nýta vorönnina í að ferðast. Tvær vinkonur mínar höfðu farið á vegum AUS og ákvað ég að kanna þetta betur. Ég áttaði mig einfaldlega á því að sú upplifun að fá að búa í Afríku með afrískri fjölskyldu í hálf ár er tækifæri sem ég gat ekki látið framhjá mér fara. Kenía varð svo fyrir valinu eftir að ég skoðaði ferðabloggin á www.aus.is.

Og hvert var þitt hlutverk?

Ég var sjálfbóðaliði á munaðarleysingjaheimili í Nairobi ásamt því að kenna í nærliggjandi skóla fyrir 14-20 ára. Á morgnana kenndi ég yngstu deildinni stærðfræði en seinni part dags hjálpaði ég til á munaðarleysingjaheimilinu. Þar voru ca. 50 krakkar á aldrinum 0-18 ára, 10 geitur, tvær beljur, hani, hæna og ein gömul kona.

Og hvernig hagaðirðu svo lífinu utan vinnunnar?

Um helgar fór ég oft í bæinn að hitta vini og slappa af, drekka bjór og borða. Djammíð er líka afar vinsælt. Næturlífíð getur verið virkilega skemmtilegt en maður verður að passa sig mjög vel. Ég hafði líka algjört frelsi til að ferðast um, það var til að mynda allt í góðu að taka fjögurra daga helgi og skreppa í ferðalag. Kenía er ótrúlega fallegt land sem hefur upp á margt að bjóða. Ég og vinkona mín gerðum okkur til að mynda ferð til regnskógarins sem er nálægt landamærum Kenía og Úganda þar sem við gistum í skóginum.

Og hvernig var fjölskyldan sem þú bjóst hjá?

Ég var mjög heppinn með fósturfjölskyldu. Þetta fallega fólk kom virkilega vel fram við mig og okkur kom öllum vel saman. Þegar ég kom inn á heimilið var

eitt stykki Akureyringur í húsinu. Ég og Gauti vorum herbergisfélagar í einn og hálfan mánuð en hann hafði komið út á undan mér.

En hvað finnst þér þú læra á þessari lífsreynslu?

Ég tel að það sem maður græði mest á að fara sem sjálfbóðaliði er þessi innsýn í framandi menningarheim sem maður myndi aldrei geta öðlast með því einu að ferðast til landsins í stuttan tíma. Maður græðir líka virkilega góðan tíma til að hugsa um lífið og tilveruna. Að rífa sig burt frá öllu því sem maður er að gera, öllu fólkinu sem er í kringum mann og öllum sínum venjum og prófa eitthvað nýtt. Hvort sem að það eru nokkrar vikur eða heilt ár, þá held ég að allir hefðu gott af því. Hvet ég því alla til að íhuga að fara í sjálfbóðastarf sem þetta.



**ÞESSIR GAURAR VÖKTU SVEIN EINN MORGUN
FYRIR UTAN GLUGGANN Í FRUMSKÓGARFERÐ**



**ÚTSÝNIÐ AF SVÖLUNUM
ÞAR SEM SVEINN BJÓ**



**NAIROBI ER HVERFIÐ
SEM SVEINN BJÓ Í**



STRÁKARNIR KLÁRIR Í SKÓLANN

K1005



Bara på det bästa!

ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



HÁDEGISTÓNLEIKAR
FABRIKKUNNAVAR



HÁDEGISTÓNLEIKAR Á FABRIKKUNNI Í DESEMBER!

LANDSLIÐ TÓNLISTARMANNA KYNNIR JÓLAPLÖTUR SÍNAR Á FABRIKKUNNI Í HÁDEGINU Í DESEMBER

TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 12 Á HÁDEGI OG ER DAGSKRÁIN SEM HÉR SEGIR:

Mánudagur **3.** desember
VALDIMAR GUÐMUNDSSON

Þriðjudagur **4.** desember
BJARTMAR GUÐLAUGSSON

Miðvikudagur **5.** desember
HREIMUR

Föstudagur **7.** desember
ELÍZA NEWMAN

Mánudagur **10.** desember
MAGNI

Þriðjudagur **11.** desember
JET BLACK JOE

Miðvikudagur **12.** desember
FRÍÐRIK DÓR

Fimmtudagur **13.** desember
LÁRA RÚNARS

Mánudagur **17.** desember
MAGNÚS OG JÓHANN

Þriðjudagur **18.** desember
MYRRA RÓS

Miðvikudagur **19.** desember
ÞÓRUNN ANTONÍA

Fimmtudagur **20.** desember
SVERRIR BERGMANN

Föstudagur **21.** desember
JÓN JÓNSSON



**BÓKAÐU BORD Í TÆKA TÍÐ Í SÍMA 575 7575
EÐA Á FABRIKKAN@FABRIKKAN.IS.**

